

## Fundarboð



Aukafundur, 451. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, haldinn fimmtudaginn 30. apríl 2020 kl. 15:00. Fundurinn er haldinn í stjórnsýsluhúsinu að Maríutröð. Mættir eru Árný Huld Haraldsdóttir, Ágústa Ýr Sveinsdóttir, Ingimar Ingimarsson, Embla Dögg B. Jóhannsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Oddviti ritar fundargerð og er hún 3 blaðsíður.

Oddviti setur fundinn og býður alla velkomna. Ekki er gerð athugasemd við fundarboð né fundargögn.

Samþykkt að taka inn sem önnur mál: „Frestun sveitarstjórnarfundar í maí“ og „Lögræðiaðstoð vegna Vestfjarðavegar 60“.

## Dagskrá:

### Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

#### 1. Fundargerð Umhverfis- og náttúruverndarnefndar 27.4.2020

Formaður nefndarinnar fer yfir fundargerðina.  
Fundargerðin samþykkt af sveitarstjórn.

#### 2. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 28.4.2020

Formaður nefndarinnar fer yfir fundargerðina.  
Fundargerðin samþykkt af sveitarstjórn.  
Sveitarstjórn vill nota tækifærið og þakka Lionsklúbbnum, Kvennfélaginu Kötlu og Vínafélagi Barmahlíðar kærlega fyrir gjöf á 4 ípad-mini og fylgihlutum til afnota í Barmahlíð.

### Mál til afgreiðslu

#### 3. Starf sveitarstjóra

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var tekinn fyrir liðurinn „starf sveitarstjóra“.  
Sveitarstjórnarfulltrúi telur sig ekki hafa haft rétt gögn undir höndum á fundinum.  
Sveitarstjórn telur því rétt að staðfesta uppsagnarbréfið á nýjan leik. Uppsagnarbréf lagt fyrir og samþykkt með fjórum atkvæðum og II sat hjá.

Oddviti leggur fram tillögu um að fallið verði frá fyrri ákvörðun sveitarstjórnar Reykhólahrepps um að auglýsa starf sveitarstjóra. Tveir heimamenn settu sig í samband við oddvita og sýndu starfi sveitarstjóra áhuga. Sveitarstjórn telur báða þessa aðila hæfa til starfsins. Sveitarstjórn þakkar þeim aðilum fyrir af hafa sýnt starfinu áhuga. Kostnaður við ráðningarferli í gegnum fyrirtæki sem bjóða þá þjónustu fer yfir 500.000.- kr. eins og sést í skjölum sem eru lögð fyrir fundinn. Þetta er dýrt og tímafrekt ferli. Tillagan lögð fyrir og samþykkt með fjórum atkvæðum og II sat hjá.

II bókar eftirfarandi: „Undirritaður fagnar því að nú sé komið uppsagnarbréf sem stenst lög og er nú staðfest. Undirritaður saknar þó rökstuðnings með uppsögninni sem við, íbúar sveitarfélagsins, eigum rétt á að fá að heyra. Það er til marks um flýttinn í málinu að þessi aukafundur er haldinn til að staðfesta uppsagnarbréf Tryggva Harðarsonar og að ráða nýjan sveitarstjóra án auglýsingar. Sérstaklega var tekið fram í bókun meirihlutans að auglýsa skyldi starf sveitarstjóra, í stað þess var leitað til aðeins tveggja einstaklinga í samfélaginu og gert mat um þá. Betra hefði verið að tilkynna það strax á síðasta fundi að þannig ætti að ráða sveitarstjóra, þá hefðu jafnvel fleiri sett sig í samband við oddvita og mætt í svona mat. Allt sýnir þetta okkur hversu mikilvægt er að vanda þá vinnu, það sem við segjum og ana ekki að neinu í flýti. Ingimar Ingimarsson.“

Oddviti leggur fram tillögu þess efnis að Ingibjörg Birna Erlingsdóttir verði ráðin sem sveitarstjóri Reykhólahrepps. Oddvita verði falið að útbúa ráðningarsamning við Ingibjörgu Birnu. Ingibjörg Birna fái prókúru yfir reikningum sveitarfélagsins.

JÖE bókar eftirfarandi: „Undirrituð tekur undir tillögu oddvita um að ráða Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur. Ingibjörg hefur mikla reynslu og þekkingu á málefnum Reykhólahrepps. Hún þekkir inn á starfsumhverfið, málefni og regluverkið og þarf þar af leiðandi lítinn aðlögunartíma í starfi. Ingibjörg hefur mikla þekkingu varðandi fjárhag og rekstur sveitarfélags, kann vel inn á tekjustofna sveitarfélaga og að nýta sér styrki og fjármagn sem hægt er að sækja fyrir sveitarfélagið. Jafnframt hefur hún skýra sýn varðandi fólkið í samfélaginu, líðan íbúa og að styðja við og hlúa að starfsfólki. Styrkleikar Ingibjargar í starfi ná til þeirra þátta sem mér finnst hvað mikilvægastir við rekstur sveitarfélags. Jóhanna Ösp Einarisdóttir.“

Tillaga um að ráða Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur sem sveitarstjóra Reykhólahrepps tekin fyrir. Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum og II sat hjá.

*Oddviti vikur af fundi og varaoddviti tekur við fundarstjórn.*

Samþykkt samhljóða að greiða oddvita staðgengilslaun vegna starfa hans sem sveitarstjóra að frádregnum oddvitalaunum.

*Oddviti kemur aftur inn á fundinn.*

#### **Önnur mál (ef einhver, löglega upp borin):**

#### **4. Frestun sveitarstjórnarfundar í maí**

Samþykkt samhljóða að sveitarstjórnarfundur í maí verði frestað til þriðjudagsins 19. maí.

#### **5. Lögfræðiaðstoð vegna framkvæmdaleyfis við Vestfjarðaveg 60**

Oddviti leggur til að sveitarfélagið gangi til samninga við Jón Jónsson hjá Sókn lögmannsstofu vegna framkvæmdarleyfis við Vestfjarðaveg 60 og vísar í framkvæmdaleyfi að sveitarfélaginu sé heimilt að krefjast viðbótargreiðslu við framkvæmdaleyfisgjald falli umtalssverður viðbótarkostnaður á sveitarfélagið. Samþykkt með þremur atkvæðum og II og ÁÝS sitja hjá.

Fundi slitið kl. 16:20 og ekki fleira gert.

---

---

---

---

---

---

---